

Úr ávarpi SIGMUNDAR DAVÍÐS, forsætisráðherra, við opnum sýningar TV í Þjóðarbókhloðu og við útkomu MÓTUN FRAMTÍÐAR 1. okt. '15: "...að sjá alla þessa sögu saman komna í þessari bók, það sýnir manni hversu einstakur ferill Trausta er og hversu fjölbreytilegur hann er".

"...á mjög mörgum sviðum, sem að skipta gríðarlega miklu máli, hefur framlag Trausta verið í raun ómetanlegt". "...óska Trausta til hamingju með stórkostlegt starf, afrek á hinum ýmsu sviðum skipulagsmála".

Úr ræðu HILMARS BRAGA JANUSSONAR, forseta Verkfræði- og náttúruverndarsviðs HÍ við opnum sýningar og útkomu bókarinnar Mótun framtíðar í Þjóðarbókhloðu 1/10 '15: „...Hann hefur, með öðrum orðum, lagt fyrir okkur og leiðbeint okkur hvernig hægt er að vinna með stórar og smáar hugmyndir frá grunni óhlutbundinar hugsunar til framkvæmda og raungerðar..." „...það er heiður að fá að vinna með þér og hafðu þakkir fyrir framlag þitt til Háskóla Íslands..."

Úr bókardómi BALDURS KRISTJÁNSSONAR, prests og félagsfræðings, á Eyjunni 21/10 '15: „Ég hef ekki kynnt manni ennþá sem fær jafnmikið af hugmyndum og því síður neinum sem er í þeirri aðstöðu og með þá menntun að geta útfært þær.... Menn eins og Trausti eru gjarnan jarðaðir mjög snemma af þróngsýnu og íhaldssömu samfélagi.... (en hann) hefur með hljóðlátri mýkt sinni farið eins langt og fara má. Uppi á hárréttum tíma með hárréttu skapgerð..." . „... bókin er uppsprettu sögu og hugmynda. Hlýtur að verða skyldulesning allra þeirra sem ætla sér að móta framtíð voru með einhverjum hætti... Frábær og skemmtileg bók".

Úr bókardómi STEFÁNS ÓLAFSSONAR, prófessors, á Eyjunni 10/12 '15: "Trausti hefur verið afar hugmyndarákur hönnuður og sett fram margar stórar skipulagshugmyndir sem sumar hafa lifað lengi. Rótin að því er sú, að Trausti hefur verið ófeiminn við að hugsa út fyrir cassann". „Það er hins vegar til marks um lagni Trausta að hann hefur komist upp með að hreyfa meira við því viðtekna en flestir. Þannig eru enn á dagskrá þjóðmálaumræðunnar margar áratuga gamlar hugmyndir sem upphaflega komu frá honum. Sumar eru jafnvel enn uppsprettu átaka".

JÓHANNES BJÖRN, rithöfundur. Bloggfærsla 12/12 '15: "Hvort sem mönnum líkar eða mislíkar einstakar hugmyndir hans, þá leikur ekki vafi á að Trausti er yfirburðamaður á sínu sviði með djúpan skilning á faginu."

ÖRNÓLFUR HALL, arkitekt. Bloggfærsla 20/12 '15: "Gríðarlegur fróðleiksbrunnur um skipulagsmál eftir meistara Trausta. Holl lesning fyrir alla lærða og leika. Holl, upplýsandi og lærdómsrík lesning fyrir skipulagsyfirvöld í Reykjavík & skipulagsyfirvöld ríkisins".

HRAFN GUNNLAUGSSON, kvíkmyndahöfundur. Komment á FB 16/9 '15: „Ómetanlegt verk".

PÓRODDUR BJARNASON, prófessor. Komment á FB 15/10 '15: „Aldeilis frábær bók...".

SIGURÐUR INGÓLFSSON, hönnuður. Komment á FB 31/10 '15: „Tímamótaverk, bæði að últiti og efni. Gefur tóninn um ókomnar ævisögur og góður minnisvarði okkar '68 kynslóðar".

Útdráttur úr umsögnum um bókina "Mótun framtíðar"

(Birtar í henni, í heild, á bls. 193 og áfram)

Joe McBride PhD, prófessor við LAEP deild í Kaliforníuháskóla í Berkeley:

... „Bókin *Mótun framtíðar* ætti að vera skyldulesning í fyrstu námskeiðum í arkitektúr, landslagsarkitektúr og í skipulagi. Þetta ætti að vera vegna þess að bókin veitir innsýn í skipulagsmál á 20. öld, og einnig vegna þess að bókin mun geta örvað stúdenta til að verða hugrakkar og skapandi hugsuðir.“

Galen Cranz PhD, prófessor í arkitektúr í Kaliforníuháskóla í Berkeley: „Ég sé að...þú hefur þjónað landi þínu af köllun og af heilum hug.“

Guðmundur Freyr Úlfarsson PhD, prófessor í samgönguverkfræði við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild HáÍ: ... „Bókin er því ekki aðeins fróðleikur um söguna heldur einnig leiðarvísir fram á við, sem sýnir okkur mikilvægi þess að hugsa langt fram í tímann...“.

Birgir Jónsson, dósent í jarðverkfræði við UB-deild Háskóla Íslands: „...þar valtar hann hressilega yfir módernista í arkitektúr (kassastefnumenn), en hampar klassískri og þjóðlegri byggingarlist...“.

Hrafn Gunnlaugsson, kvíkmyndahöfundur: ... „Í mínum huga er Trausti frumlegasti hugsuður sem Ísland hefur átt þegar kemur að skipulagsmálum; stórra hugmynda, sem eins og sjái fram í tímann, ekki bara fyrir næsta horn, heldur það þar-næsta líka.“

Harpa Þórssdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands: „... Trausti skapar kerfi og ferilshugsun við hina fjöllhlíða hönnun sína... Par kemur hann böndum á frjóa skapandi hugsun og byggir ofan á með rökrænni aðferð, sem er undirstaða framúrskarandi hönnunar.“ „... Frásagnir Trausta og myndir á DVD-diski sem fylgir bókinni, eru mjög upplýsandi.“

Sigurður Örlygsson, listmálarí: „... Þarna kemur næmni Trausta á persónuleika, og gríðarlegt myndlistartalent, í ljós.“

Pétur H. Ármannsson, arkitekt: „... Í þessari bók horfir helsti framtíðarhugsuður þjóðarinnar, Trausti Valsson, í gagnstæða átt.“ „... skyldulesning fyrir námsmenn og alla sem áhuga hafa á hugmyndasögu skipulags og móturn manngerðs umhverfis.“

Goddur – Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands: „... Bókin er verðmæt vegna þess að hún er einlæg, afhjúpandi og opinská...“ „Hún er boðberi, grundvölluð á upplýsingum, þekkingu og visku!“

Mótun framtíðar 2. júlí 2016

Hilmar Þór Björnsson arkitekt, ritaði umsögn um MÓTUN FRAMTÍÐAR – Sjá:
<http://blog.pressan.is/arkitekt.../2016/.../20/motun-framtidar/...>

Hér koma útdráttir úr umsögn Hilmars og úr nokkrum af 18 öðrum umsögnum á bloggi HbB:

„Fyrir tæpu ári kom út stórmerkileg bók Trausta Valssonar arkitekts sem starfað hefur sem professor í skipulagsfræðum við Háskóla Íslands um áratuga skeið. Þetta er þrettánda bók Trausta um efnið. Bókin fjallar um æfistarf Trausta og skipulagshugmyndir frá öndverðu með áherslu á tímabilið frá stúdentabyltingunni 1968. En um það leiti hóf Trausti nám í arkitektúr í Berlín...

Þarna breyttust allar áherslur. T.a.m var maðurinn og hans þarfir settar í fókus, einkabíllinn var láttinn víkja í öllu samhenginu. Menn fóru að hugsa meira um mengun og auðlyndir jarðar, ást og frið.

Þetta var upphaf hippakynslóðarinnar. Þetta tímabil hefur markað marga okkar og það má sjá af bók Trausta að þessi tími og þessi tíðarandi hefur markað allt hans professinella líf og viðhorf, sem betur fer.

MÓTUN FRAMTÍÐAR er frábær bók sem opnar hugmyndaheim umhverfismótunnar fyrir fólk i þannig að það skilur samhengið betur eftir að hafa lesið hana...

Trausti gagnrýnir snillingana Le Corbusiere og Walter Gropius og segir hugmyndir þeirra hafi leitt til mikilla hörmunga í skipulagi. Stefna þeirra hafi þýtt að nú búa milljarðar manna í óhagkvæmu, ljótu og vélrænu umhverfi úthverfa um allan heim..."

Dennis Davíð Jóhannesson arkitekt ritaði 22.6 2016: „Bókin hans Trausta er fróðleg og ekki síður skemmtileg fyrir margra hluta sakir. Fyrir mig er hún sérlega áhugaverð þar sem við Trausti erum af sömu kynslóð... margir af okkar kynslóð stóðum í þeirri meiningu, að við værum að breyta heiminum og ekkert var heilagt í þeim efnum..."

HbB ritaði umsögn 24.6 2016: „Í bók Trausta Valssonar er reynt að opna augu fólks fyrir firringu móðernismans með því að kafa djúpt í ríkjandi stefnur og heimsmynd nútímans.”

Örnólfur Hall arkitekt skrifar 29.6 2016: „MÓTUN FRAMTÍÐAR er mögnuð bók eftir hugmyndaríkan skipulagshugsuð... Boðberi nýrra tíma í manngerðu skipulagi sem arkitektar framtíðar eiga eflaust eftir að lesa oft í. Hann er uggandi um kynslóðina sem hann segir að sé mjög ónæm á þörfina á að nýtt verði lagað að gömlu í miðbænum og að kynntar tillögur þar stefni í að verða mikið slys. Það má vera víti til varnaðar að Danir naga sig nú í handarbökin yfir því sem þeir kalla „Historieløshed i danske byggerier“... Í Evrópu tala m.a. þýskir- og austurrískir kollegar um ‘Investment-Architektur’ sem svo almenningur hefur hafnað í atkvæðagreiðslum (t.d. í Frankfurt)...

Hann bendir á óhugnanlegar tillögur sem þá lágu fyrir um t.d. Torfuna og Seðlabankann og að tekist hafi að afstýra stórum slysum sem hefðu nær eyðilagt miðbæinn.

Undirritaður nýkominn frá námi var ráðinn arkitekt hjá Gunnlaugi Halldórssyni og þremur öðrum arkitektum (4 arkitekta nefnd) um byggingu Stjórnarráðshúss þegar þetta gerðist. Hann er vitni að því að Gunnlaugur snarsnérast í málinu og gekk fremstur í flokki í Torfusamtökunum... Það hefði verið skelfilegt ef Thor Jensenshúsið hefði verið rifið fyrir Seðlabankabygginguna, en kollegi Hannes Davíðsson o.fl. barðist hatrammur á móti því og hætt var við. Það er rétt að þetta hefði nær eyðilagt borgina.“

Umsögn V.F. um pistill Örnólfs 29.06.2016: „Hin ,sögulega skýrskotun’ er mikilvægari nú en nokkurn tíma áður. ,Historilöshed’ í íslenskum byggingum er ægileg og meiri en í Danmörku... Það hlýtur að vera meginverkefni arkitektúrdeildar Listaháskólans þó það sjáist trauðla í útskriftarverkefnunum.“

Fimmtudagur 10.12.2015 Birtist á bloggsíðu StÓl hjá DV

Ritdómur - Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði við HÍ:

Mótun framtíðar – í boði Trausta Valssonar

Fyrir skömmu kom út bókin Mótun framtíðar: Hugmyndir – skipulag – hönnun, eftir Trausta Valsson, prófessor í skipulagsfræðum við Háskóla Íslands.

Þetta er óvenjuleg bók, eins konar fagleg ævisaga. Trausti gerir grein fyrir námi sínu, þróun hugmynda sinna og starfsferli, í samhengi við hugmyndasögu skipulagsfræðanna og tíðarandann í samfélaginu.

Þetta er mjög gott yfirlit um verk Trausta og þróun hans sem skipulagsfræðings og hönnuðar.

Trausti hefur verið afar hugmyndaríkur hönnuður og sett fram margar stórar skipulagshugmyndir sem sumar hafa lifað lengi. Rótin að því er sú, að Trausti hefur verið ófeiminn við að hugsa út fyrir kassann. Hann hefur því oft rekist á kassakarla, sem hafa átt erfitt með að fara út fyrir hið viðtekna og venjulega.

Frumlegir og frjóir menn menn eins og Trausti eiga oft erfitt uppdráttar í hópum þróngsýnna og íhaldssamra. Þeir eru því oft teknir beinlínis úr umferð eða úthrópaðir sem undanvillingar eða sérvitringar.

Það er hins vegar til marks um lagni Trausta að hann hefur komist upp með að hreyfa meira við því viðtekna en flestir.

Þannig eru enn á dagskrá þjóðmálaumræðunnar margar áratuga gamlar hugmyndir sem upphaflega komu frá honum. Sumar eru jafnvel enn uppsprettu átaka.

Stærsta hugmynd Trausta er kanskí hugmyndin um að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýrinni út á uppfyllingar á skerjunum í Skerjafirði og taka Vatnsmýrina undir miðbæjarstarfsemi og íbúabyggð. Í leiðinni vildi hann tengja saman gamla miðbæinn og Vatnsmýrina og brúa áfram yfir í Kópavog og Álfanes.

Aðrar stórar hugmyndir eru til dæmis sundabrautin, suðurstrandarvegur, hálandisvegir, þéttung byggðar, bætt blöndun vinnustaða og íbúabyggðar, betri nýting strandlengjunnar o.s.frv.

Meinsemdir móðernismans

Trausti hóf nám sitt í Berlin í höfuðvígí móðernismans í byggingalist. Hann fjallar mikið um galla móðernismans, hinn kalda og hráa stíl og fjöldablokkir úthverfa, sterílar og vélrænar útfærslur í and Le Corbusier og Walter Gropiusar.

Í framhaldsnámi sínu í Berkley háskólanum í Kaliforníu kynntist hann mýkri hlið hönnunar, klassískari stílum og gildi samþættingar og umhverfisskipulags. Hann setur hina vélrænu og

militarísku hönnun Berlínar upp sem andstæðu hinnar mjúku, fjölbreyttu og klassísku hönnun Paríssarborgar. Paríss hefur vinninginn í huga Trausta. Flestir myndu taka undir það.

Raunar finnur Trausti modernisma flest til foráttu og kennir honum um mörg mestu skipulagsslys tuttugustu aldarinnar. Reykjavík á sín dæmi um meinsemdir móderismans í löngu stórblokkunum í Breiðholti III og ýmsum hugmyndum fyrr og síðar um að hreinsa burt klassíkska gamla byggð og setja andlaus kassaháhýsi þar í staðinn.

Trausti segir það einungis heppni að gamli miðbærinn í Reykjavík hafi ekki verið eyðilagður með slíkum áformum, eins og niðurrifi Torfunnar og byggingu kassaháhýsa þar og víðar í anda Moggahallarinnar í Aðalstræti.

Hugmynd um hraðbraut í gegnum Grjótaþorpið og bygging atvinnuhúsnaðis eftir nær allri norðurströnd Reykjavíkur, með tilheyrandi eyðileggingu útsýnis að sundunum og Esjunni (til dæmis frá Laugarnesi að Elliðaárvogi), eru hugmyndir af þeim toga modernisma og aðgreiningar (zoning) sem Trausta líkar ekki við. Undir það má taka.

Í ljósi harðrar gagnrýni Trausta á meinsemdir móderismi finnst mér svoltíð skemmtilegt að ég nýt þess að búa í öðru af einungis tveimur íbúðarhúsum á höfuðborgarsvæðinu sem Trausti Valsson hannaði. Það er reyndar hús í módernískum fúnkis-stíl í rúnum garði, en ekki hávaxið fjölbýlishús í anda Grópíusar. Þetta er hið ágætasta hús þar sem tekst að blanda vel saman garði og byggingu, meira í anda Falling Water hússins sem Frank Lloyd Wright hannaði en í anda Bauhaus hönnuðanna sem Trausti gagnrýnir.

Lexía mín af þessu er sú, að móderismi geti bæði verið góður og slæmur. Klassísk hönnun sömuleiðis. Menn eiga ekki að nálgast og meðhöndla stefnur í hönnun og skipulagningu með einstrengingslegum hætti. Það sama ætti líka að gilda um pólitík.

Kredda og einstrengingur eru alltaf hættuleg hjú.

Bók Trausta Valssonar, *Mótun framtíðar*, er fróðleg umfjöllun um skipulagsmál og hönnun og gott yfirlit um frjótt og mikið ævistarfl. Trausti getur litið stoltur til baka nú þegar hann lætur af störfum við Háskóla Íslands, eftir að hafa náð sjötugsaldri.

Vondi heldur hann þó áfram að hugsa út fyrir kassann og ýfa upp umræðuna um skipulagsmál.

Bókadómur Baldurs Kristjánssonar, prests og félagsfræðings um „Mótun framtíðar“

Birtist á bloggsíðu Baldurs á Eyjunni miðvikudaginn 21.10.2015.

„Svona menn eru yfirleitt jarðaðir snemma“ Meðan ég réði einhverju fékk ég Trausta Valsson til þess að flytja erindi á Prestastefnu um einhverja „mind blowing“ hluti sem snertu kirkjuna. Erindi hans var nokkuð framúrstefnulegt eins og búast mátti við. Kjarninn var sá að fólk gæti greitt hluta af sóknargjöldum sínum til kirkju að eigin vali. Fólk í vesturbænum í Reykjavík gæti þess vegna kosið að láta hluta gjalds síns renna til kirkju í nálægð uppvaxtarstöðva eða sumarbústaðar og byggt þannig upp á þeim slóðum þar sem hjarta þess hefði orðið eftir og ef til vill bjargað guðshúsum, sem skilin voru eftir þegar fólkid flutti, frá niðurníðslu og glötun.

Fólk leist misvel á. En Trausti hughreysti mig með þeim orðum að nýjar hugmyndir þyrftu svona sırka tíu ára meðgöngutíma til þess að verða viðurkenndar hugmyndir. Nýlega sá ég svipaðri hugmynd skotið upp á sveitastjórnarstiginu það er að burtfluttir gætu valið sér sveitarfélag til þess að láta hluta útsvars síns renna til, því að eins og margir eiga kirkju þar sem hjartað býr eiga hinir sömu sveit sem er hjarta þeirra næst.

Þetta rifjast upp þegar pósturinn færir mér bók frá Trausta Valssyni eins konar lífsbók. Yfirlit yfir ferilinn, veraldlega og hugmyndafræðilega. Þetta er ekki sjálfsmýnd heldur einhverskonar sjálfsbók þar sem Trausti fylgir ævi sinni, störfum og þeim hugmyndum sem hann hefur fengið og útfært og baráttunni fyrir þeim.

Það vil svo til að ég vann með Trausta á Próunarstofnun Reykjavíkurborgar fyrir röskum fjörtíu árum þegar nýjar hugmyndir voru að ryðja sér braut í skipulagsmálum og þróunarstofnun tók slaginn undir stjórn Hilmars heitins Ólafssonar arkitekts. Ekki síst með því að ráða menn eins og Trausta og hafa slaka á taumnum.

Úr fjarlægð fylgdist maður með Trausta ganga á hólm við viðtekna hugmynd um landið, hvernig við gætum búið á því og ferðast um það, m.a. með því að gera ráð fyrir og teikna upp hálandisvegi, fá og útfæra hina frábæru hugmynd um flugvöll á Löguskerjum, útfærslur um þettingu byggðar í Reykjavík og fl. og fl. Þá hefur Trausti fengið og útfært hugmyndir sem varða legu Íslands og nýja mögueika sem opnast við bráðunum íss samfara hlýnum jarðar.

Ég hef ekki kynnst manni ennþá sem fær jafnmikið af hugmyndum og því síður neinum sem er í þeirri aðstöðu og með þá menntun að geta útfært þær. Sem betur fer hefur Trausti fengið púlt, verið dósent og professor í skipulagsfræðum. Ég veit ekki hvers vegna. Menn eins og Trausti eru gjarnan jarðaðir mjög snemma af þróngsýnu og íhaldssömu samfélagi, voru flökkumenn eða fórumenn hér áður drykkjumenn síðar, en ekki Trausti, sennilega er hann músin sem læðist, hefur með hljóðlátri mykt sinni farið eins langt og fara má. Uppi á hárréttum tíma með hárréttu skapgerð og getur nú, ábyggilega farinn að nálgast sjötugt litið stoltur yfir farinn veg.

Og bókin er uppsprettu sögu og hugmynda. Hlýtur að verða skyldulesning allra þeirra sem ætla sér að móta framtíð vora með einhverjum hætti. Og ekki síður þeirra sem gera nú lítið annað en að líta til baka. Með henni fylgir meira að segja diskur með stuttmyndum fyrir þá sem nenna ekki að lesa.

Frábær og skemmtileg bók.



Ávarp SDG forsætisráðherra við opnun sýningar TV í Þjóðarbókhlöðu 1. okt. '15

(Tekið upp á kvikmyndavé í New York og spilað við opnun sýningarinnar)

Komið þið sæl.

Ég vildi að ég gæti verið með ykkur í dag, en vegna breytinga á fundartíma erlendis verð ég að fá að senda kveðju með þessum haetti. Þetta er nefnilega merkilegur og skemmtilegur dagur þegar við fögnum stórmerkum ferli Trausta Valssonar sem lætur nú af störfum sem professor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands, en um leið er opnuð þessi sýning og við fögnum útgáfu starfsævisögu Trausta; „Mótun framtíðar“, sem er ákaflega viðeigandi nafn á þeirri bók.

Ég fékk tækifæri til þess að skoða ljósrit af bókinni fyrir skömmu - áður en hún kom út - og varð auðvitað uppveðraður yfir innihaldinu. En það rifjaðist líka upp fyrir manni hversu merkilegur og fjölbreytilegur ferill Trausta er. Ég hef reyndar fylgst með honum frá því að ég man estir mér, enda var hann byrjaður að skrifa tímamótagreinar um skipulagsmál, jah, um það leyti sem ég fæddist. Þannig að ég hef fylgst lengi með honum. En að sjá alla þessa sögu saman komna í þessari bók, það sýnir manni hversu einstakur ferill Trausta er og hversu fjölbreytilegur hann er, því hann hefur skrifat ákaflega merkilega greinar og bækur um m.a. sögu skipulagsmála og framtíðarsýn í skipulagsmálum, en líka fjallað um hluti eins og áhrif hnattrænnar hlýnunar á skipulagsmál. Og svo auðvitað - sem er sérstaklega gaman að nefna - þá var hann oft á undan sinni samtíð að benda á mikilvægi þess að vernda hefðbundið gamalt byggðarmynstur og taka mið af því, þegar byggt væri nýtt innan um hið gamla. Með skrifum sínum um sögu Reykjavíkur, eða skipulagssögu Reykjavíkur, árið 1976, þá í rauninni markaði Trausti tímamót í skrifum um skipulagssögu.

Þegar bókin „Skipulag byggðar á Íslandi“ kom út árið 2002, voru það mikil tímamót í skrifum um skipulagsmál, og raunar ekki bara á Íslandi, því að erlend þýðing, ensk þýðing, bókarinnar vakti mikla og verðskuldaða athygli víða um lond. Ég man ennþá hvað ég hlakkaði til að fá bókina í hendur, af því að ég vissi að það væri von á henni og hún stóð svo sannarlega undir væntingum þegar ég fékk tækifæri til þess að lesa hana. Ég hef mjög oft gluggað í þessa bók í millitíðinni.

En Trausti hefur líka með skrifum sínum um áhrif hnattrænnar hlýnunar á skipulag, verið oft á tíðum á undan sinni samtíð, m.a. með tímamótabók á árinu 2006 um hvernig heimurinn breytist, í stórum dráttum, vegna þessara áhrifa. Þar - og raunar í skrifum og erindum Trausta meira en 20 ár aftur í tímann - er hann að fjalla um hluti sem verið er að ræða hér hjá Sameinuðu þjóðunum þar sem ég er staddur núna í New York, akkúrat þessa dagana... en Trausti var að tala um fyrir margt löngu, og benda á mikilvægi þess að í skipulagsmálum huguðu menn að þessum miklu áhrifum sem verða af hnattrænni hlýnun.

Nú, svo er, eins og ég gat um, sérstaklega skemmtilegt að nefna hversu mikil áhrif; góð áhrif, skrif og rannsóknir Trausta hafa haft á það mikilvæga atriði, að vernda sögulega byggð og huga að heildarsamhenginu þegar menn byggja nýtt inn í gamalli byggð. Svoleiðis að á mjög mörgum sviðum, sem að skipta gríðarlega miklu máli, hefur framlag Trausta verið í raun ómetanlegt. Það er þess vegna sérstakur heiður að fá að ávarpa ykkur í dag og fagna þessum tímamótum, sem að felast í sýningunni og útgáfu bókarinnar. Það er örugglega tilhlökkunarefni fyrir ykkur, eins og mig, að skoða þessa sýningu og fletta í, og lesa bókina. En auðvitað treystum við á það að Trausti haldi áfram að beita sér, og skrifa og fræða okkur um skipulagsmálin því að vinna hans á því sviði hefur, eins og ég segi, verið ómetanleg.

Ég vil þakka Landsbókasafninu og Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands, fyrir að standa að þessari sýningu og óska Trausta til hamingju með stórkostlegt starf, afrek á hinum ýmsu sviðum skipulagsmála því að afrek á því sviði skipta alla máli. Það skiptir fólk máli að við náum árangri í skipulagsmálum: það hefur áhrif á efnahagslífið, það hefur áhrif á líðan fólks, það hefur áhrif á nánast allt í lífi hvers manns. Svoleiðis að þetta starf; þetta mikilvæga starf Trausta, mun skila sér í betra lífi fyrir landsmenn alla og raunar fyrir fólk utan Íslands líka. Þetta er svo sannarlega tilefni til þess að gleðjast, og tilefni til þess að þakka og óska til hamingju Trausti!

Prófessor Trausti Valsson og góðir gestir

Takk fyrir að fá að segja hér nokkur orð, flytja ræðu eins og stendur í boðinu, hefði gjarnan viljað að hæfileikarnir biðu upp á ljóð, slíkt er tilefnið.

Til að móta framtíðina þarf hugmyndir og hugmyndir þurfa hugsuði að foreldri, til þess að þær megi lifna við og gagnast sem að við mótu framtíðar. Trausti Valsson er slíkt foreldri.

Hið sí-nýja Ísland hefur ekki verið duglegt við að móta sína framtíð til skemmi eða lengri tíma. Og oftar en ekki glutrað niður tækifærum til þess arna, þegar þau hafa gefist. Mest höfum við fengið hugmyndir að láni frá nágörnum okkar eða í samstarfi við aðrar þjóðir og oftar en ekki tekist að spila ágætlega úr málunum með úrræðagóðu fólk, útsjónarsemi og hellings hjálp.

Skipulagsmál hafa lotið þessum lögmálum og eru því tilviljanakennd, skrýtin og stundum heillandi, skrýtin naglasúpa.

Til samanburðar segir sagan að Pétur Mikli hafi ferðast um Evrópu í þrjú ár með ráðgjafa og hugmyndasmiði og svo farið heim og lagt út skýra mynd af því hvernig skipuleggja ætti borgir í sínu Rússlandi.

Ég ætlaði að velta því hér upp hvort slík fjarvera leiðtogana væri góð eða slæm fyrir stjórnun samfélaga, en þar sem forsætisráðherra er fjarverandi þá geri ég það ekki.

Líkt og stórkallalegar hugmyndir Péturs mikla eru flestar okkar hugmyndir um skipulagsmál sprotnar úr sama jarðvegi. En, öfugt við hugmyndir Péturs mikla, fara þær í gegnum einhverskonar smækun, oftar en ekki í gegnum Kaupmannahöfn, með viðkomu í Reykjavík og síðan í oflugustu héraðsbæina og síðan út í sveitina. Þannig má t.d. finna rómverkan súlufót í lítilli íslenskri sveitakirkju sem ferðast hefur í gegnum smækkunarferli okkar, alla leiðina frá Rómarborg.

Er hugsanlegt að með sama framhaldi, og í ljósi nýrra atvinnuháttar, verða þá íslendingar starfsmenn í einhverskonar „íslensku Legoland“ þar sem minnatúrar að erlendri fyrirmund verða til sýnis.

Svo kemur, öðru hverju, fram fólk með alvöru hugmyndir sem gera okkur kleift að velta upp raunverulegum möguleikum til framtíðar, á óhlutbundinn hátt. Það fólk verður eins og „símaстaurar í сімаліну hugmyndана“, svo ég fái myndlíkingu frá Sigurði Pálssyni lánaða í tilefni dagsins. Við hópumst utanum þær og rökræðum þær og sláumst jafvel um þær og mörgum finnst jafnvæl skynsamlegast að slá utanum þær sauðfjárveikivarnargirðingum svo þær haldist hreinar, eða að það smitist ekki út frá þeim, svo ég slái SP um annað lán. En SP er skáld á garði hjá Hugvisindasviði Háskóla Íslands þessi misserin.

Það er því með nokkuri aðdáun á hugrekki TV (súspa) sem ég hef fengið að fylgjast með bók um ævistarf Trausta Valssonar verða til. En þar er kominn einn símaстaurinn sem svo óhræddur, að stundum jaðrar við fíldirfsku, hefur lagt fram allskonar hugmyndir, sem við fáum að skoða hér á sýningunni og í bók hans.

Hann hefur, með öðrum orðum, lagt fyrir okkur og leiðbeint okkur hvernig hægt er að vinna með stórar og smáar hugmyndir frá grunni óhlutbundinar hugsunar til framkvæmda og raungerðar.

Og það er nákvæmlega það sem okkur vantar þegar við nú eygjum aftur möguleikann á að geta náð stjórn á framtíð okkar.

Trausti tilheyrir hinni byltingarkenndu 68 kynslóð sem léti til sína taka 25 árum eftir lok seinni heimstyrjaldarinnar; 40 árum fyrir Hrunið, til að setja lífshlaup þeirra í tímalegt samhengi.

TV og kynslóð hans hefur leitt og knúið Háskóla Íslands í gegnum merkilegt öldurót og gert hann að hornsteini samfélagsins sem á þversagnakenndan hátt er staður fyrir staðfestu og ihaldssemi, en líka framsæknar og oft byltingarkenndar hugmyndir. Það er síðan sérgrein og hlutverk verkfræðinnar að raungera góðar hugmyndir með vandamálum og lausnum, en þar valdi TV sér stað.

A persónulegum nótum finnst mér þessi þversagnakennda staða, ef ekki hlutverk Háskóla Íslands, oftar en ekki endurspeglast í TV.

Stundum er eins og sú kynslóð hafi stolið öllum mögulegum glæpum sem ungu fólk getur dottið í hug og sumt af því minnist TV á í bók sinni, og úr verður stórkostlegt sjónarspil.

En sýningin má ekki stöðvast, hún er rétt að byrja og við höfum fengið gegnum TV, leiðbeininguna um að það er óhætt að varpa fram hugmyndum af þessu tagi, hvatningu til að leita að nýjum möguleikum og taka í alvöru til hendinni við mótu framtíðar okkar.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands hefur í röðum sínum úrvalsfólk til slíkra starfa, nemendur og kennara. Leiðbeiningin og hvatningin til starfsmanna og nemenda er vel þeginn og kemur á góðum tíma. Því tími er kominn til að hætta að smækka og herma eftir hugmyndum annara og taka til við að vinna úr okkar eigin hugmyndum um framtíðina. Þar getur TV verið fyrirmund. Aðrir fást við að móta fortíðina en það tilheyrir bara ekki okkar fræðasviði.

Það er heiður að fá að vinna með þér og hafðu þakkir fyrir framlag þitt til Háskóla Íslands og til hamingju með bók, sýningu og lífið - og í anda 68 fólksins - lýsi hér með ótímabundinni yfirtöku, (occupation illimité), TV á Þjóðarbókhloðunni.

Birgir Jónsson, dósent í jarðverkfræði við UB-deild Háskóla Íslands:

Trausti Valsson hefur skrifað mjög áhugaverða bók sem fjallar um hugmyndir, skipulag og hönnun sem hann hefur unnið að á starfsferli sínum. Mér þótti t.d. mjög fróðlegt hvernig hann rekur þróun í arkitektúr í heiminum og hér á Íslandi, en þar valtar hann hressilega yfir móðernista í arkitektúr (kassastefnumenn), en hampar klassískri og þjóðlegri byggingarlist.

Grunnurinn að þessu er sú ósk hans að umhverfishönnun taki meira mið af menningu og umhverfi á hverjum stað. Hann lýsir á áhugaverðan hátt hvernig augu hans opnuðust fyrir hinu kalfa og vélræna í vestrænni menningu en fann vegvísá til umbóta í austurlenskum fræðum og heimspeki. Mótaði hann hönnunarteorið um þetta í doktorsritgerð sinni í Berkeley í Kaliforníu.

Trausti hefur alltaf litið á sig, ekki aðeins sem skipulagsfræðing, heldur einnig sem „framtíðarfræðing“. Gaf hann t.d. út fjörlitaða 143 bls. bók 1987 með fyrsta landsskipulagi fyrir Ísland og gerði síðan Miðhálendisskipulag 1991, með hópi stúdenta í byggingarverkfræði við HÍ.

Árið 1997 gáfu Trausti og undirritaður út bókina *Ísland hið nýja*. Í þeiri bók var mikil gagnrýni á nýtt Miðhálendisskipulag sem beindist gegn orkunýtingu og gerði t.d. illmögulegt að leggja góða vegi stystu leið milli landshluta yfir hálendið. Gildi hálendisvega er eitt af því sem Trausti hefur lagt hvað mesta áherslu á í starfi sínu.

Bestu hugmyndir Trausta eru frábærar „utanrammahugmyndir“ í skipulagsmálum; t.d. Sundabraud, Lönguskerjaflugvöllur, hálendisvegit með þjónustumiðstöð á miðju hálendinu, o.fl. Öll þessi mál komust loks í alvarlega umræðu nú á síðustu áratugum.

Ævistarf Trausta hefur einkennst af ósérlífini og miklum vilja til að móta þjóðfélagið á jákvæðan hátt, og hefur hann sýnt mikla þrautseigju við að koma hugsjónum sínum inn í þjóðmálaumræðuna. Allir byggingarverkfræðingar, sem hafa útskrifast frá HÍ frá 1988, hafa komist í snertingu við hugmyndir eldhugans Trausta Valssonar.

Hrafn Gunnlaugsson, kvíkmyndahöfundur:

Það var á menntaskólaárunum sem ég fór að veita eftirtekt teikningum í Skólablaðinu sem höfðu svo persónulegan prófil að ekki var neinn vafi á að þar færi alltaf sami teiknarinn. Það er merkilegt að þeir sem eru líklegir til að láta að sér kveða, hafa snemma skíran prófil.

Þá þekkti ég ekkert til teiknarans og kynntist honum fyrst svo heitið geti þegar hann orti ljóð í

Menntaskólaljóð sem við Vilmundur heitinn Gylfason gáfum út með braki, með formála eftir nóbellskáldi Halldór Laxness. Þessi ljóð voru einnig með einhvern persónulegan prófil sem hefur síðan einkennt allt það listræna og hugmyndafræðilega svíð sem Trausti hefur stigið fram á.

Það var svo loks á listsýningu Listafélagsins sem ég fél fyrir litlum járnskúlpítur sem ég fékk svo að vita að væri eftir Trausta. Ég falaði þennan skúlpítur til kaups og tókst að telja listamanninn á mitt band. Þennan skúlpítur átti ég síðan og hélt mikið upp á -- hafði hann gjarnan mjög áberandi þar sem ég bjó á hverjum tíma.

Ég veit ekki betur en það sé mynd af þessum skúlpítur í þessari bók sem mér er mikill heiður að fá að kommentera í um Trausta. Það er staðreynd að fáir hafa teiknað þannig í Fánu útskriftarteiknibók MRinga að ekki væri aðeins um skopmynd að ræða heldur næði teiknarinn að fanga karakter og persónueinkenni þess er myndin átti að lýsa, þetta gerði Trausti að slíku listfengi að maður sprýr sig af því í dag hvort íslensk myndlist sé ekki fátækari, úr því Trausti valdi að gerast professor við háskóla, í stað þess að gefa sig listagyðjunni á vald. Ég hef ekki lesið þessa bók "til hlýtar", en grunar að þar sé mikinn fróðleik að finna og samtekt á þeim stórbrottnu skipulagshugmyndum sem Trausti hefur sett fram langt á undan sínum samtíma.

Ein þessara hugmynda um flugvöll á Lönguskerjum í Skerjafirði hrynti af stað - og varð mér innblástur - í kvíkmyndina «Reykjavík í öðru ljósi». Eins var stórmerkilegt að njóta ráðgjafar Trausta við næstu mynd sem ég gerði í framhaldinu og nefnist „Ísland í öðru ljósi“.

Þar er að finna litla útfærslu á hugmynd Trausta um háborg á Miðhálendinu og um hálendisvegi sem myndu gera þennan grjóthólma margfalt byggilegrí. Ég hef lengi dáðst að Trausta úr fjarlægð en með efri árum hefur okkur orðið æ betur til vina og það er alltaf innspírerandi að hitta hann og heyra hvað er í mótaska í höfði hans á hverjum tíma.

Í mínum huga er Trausti frumlegast hugsuður sem Ísland hefur átt þegar kemur að skipulagsmálum, stórra hugmynda sem eins og sjái fram í tímann, ekki bara fyrir næsta horn, heldur það þar-næsta líka.

Um bókina

“Mótun framtíðar”

**Umsagnir um bókina birtar á bls. 193
og áfram, í henni**

Joe McBride PhD, professor við LAEP deildina í Kaliforníuháskóla í Berkeley:

Bók Trausta Valssonar *Mótun framtíðar* er mikilvægt framlag bæði á svíði skipulags og ævisöguritunar. Hún gefur yfirlit um þá þætti sem formuðu ævistarfl eins af fremstu skipuleggjendum og hugsuðum á Íslandi. Við sjáum í bókinni hvað það var sem hafði áhrif á ungvíðið, námsmanninn og hinn unga skipulagsfræðing þegar hann vann að því að móta sínar eigin kennningar um hönnun og skipulag.

Það er fróðlegt að sjá hvernig samfélagshreyfingar hvers tíma, sem og helstu hugsuðir í arkitektúr, landslagsarkitektúr og í skipulagi, mótuðu hinn unga einstakling. Virkni Trausta í framhaldsnámi hans í Berkeley einkenndist af því að hann átti auðvelt með að flytja sig yfir þróskulda á milli fræðigreina þegar hann vann að því að dýpka skilning sinn. Hinn skapandi hluti doktorsritgerðar hans er einstakur í sinni röð sem framlag til að móta nýja aðferð við að hugsa um hönnun.

Bókin, sem hér um ræðir, gegnir því hlutverki að gefa yfirsýn um skipulagsmál á Íslandi frá lokum seinni heimsstyrjaldar, á tímum þegar miklar breytingar urðu á hugsun um skipulag. Trausti kemur viða við sögu í þeirri þróun.

Bókin *Mótun framtíðar* ætti að vera skyldulesning í fyrstu námskeiðum í arkitektúr, landslagsarkitektúr og í skipulagi. Þetta ætti að vera vegna þess að bókin veitir innsýn í skipulagsmál á 20. öld, og einnig vegna þess að bókin mun geta örvað stúdenta til að verða hugrakkir og skapandi hugsuðir.

Galen Cranz PhD, professor við Arkitektúrdeildina í Kaliforníuháskóla í Berkeley:

Trausti: Ég sé að með öllum bókunum sem þú hefur birt síðan þú varst í Berkeley – og í hlutverki þínu sem professor, umbótamaður og mórandi í hugsun – hefur þú þjónað landi þínu af köllun og af heilum hug. Þegar ég heimsótti Reykjavík 2011 sem einn af fyrirlesurum á 100 ára afmæli Háskólans, sá ég mikilvægi þinnar víðu sýnar til forma Íslands. Ég vona að þú haldir áfram að vera málsvari jarðarinnar og hinna ólíku íbúa hennar. Það að hjálpa vísindum, iðnaði og stjórnsýslu að finna leiðir til að rannsaka heildir frekar en einstaka hluta, er mikilvægt baráttumál á þessu tímaskeiði í sögu heimsins.

Guðmundur Freyr Úlfarsson PbD, próf. í samgönguverkfræði við UB-deild Háskóla Íslands:

Í bókinni *Mótun framtíðar* segir professor Trausti Valsson PhD, frá þróun og sögu skipulagshugmynda í tengslum við starfsferil sinn. Tímabilið er mikill mótnartími þéttbýlis þar sem núverandi mynd höfuðborgarsvæðis Íslands þróast. Trausti segir frá því hvernig áhrif austrænna og vestrænna kenninga hafa haft áhrif á hans eigin hugmyndavinnu og hvernig tillögur hans hafa síðan haft áhrif á íslenskt samfélag.

Trausti hefur lagt áherslu á að setja fram kerfisbundinn grunn fyrir skipulagsgerð án þess þó að hika við að setja fram frumlegar og djarfar hugmyndir sem taka nokkurt stökk frá núverandi skipulagi.

Í bókinni setur Trausti hugmyndir sínar í sögulegt samhengi við skipulagsfræðina og þjóðfélagið. Í bókinni lesum við hvernig hinn ungi námsmaður, sem horfir á nærumhverfið í samtíma, þróast yfir í viðsýnan skipulagsfræðing sem er umhugað um jörðina alla og horfir hundrað ef ekki hundruð ár fram í tímum. Mér þótti sérstaklega gaman þegar ég las bókina, að sjá hvernig Trausti hefur á ferli sínum, ferðast frá því smáa og samtíma, yfir í það stóra og til langs tíma.

Fyrst vinnur Trausti á kvarða sem er minni en manneskjan, t.d. andlit í portrett myndum, fer svo í manneskjukvarða með myndum og líkönum af heilli manneskju, þá húsgögn, og því næst einbeitir hann sér að byggingum og formgerðum hluta. Trausti hefur mikinn vilja eða tilhneitingu til að skoða hlutina í stærra samhengi. Þetta hefur leitt til þess að hann hefur sifellt stækkað sjóndeildarhring sinn með rökréttum skrefum.

Frá byggingum skoðar hann skipulag hverfa, þá bæja og borga, landshluta og loksns Ísland allt. Trausti setti m.a. fram hugmyndir um vegtengingar og háborg á hálandi Íslands. Í seinni tíð hefur Trausti enn víkkað sjóndeildarhringinn, fyrst í heimshlutann og þá hnöttinn allan. Það hefur rannsakað hnattræn tilfærslumynstur búsetu og starfsemi í samhengi við hnattræna hlýnum.

Hugmyndir Trausta hafa því stundum verið vel á undan samtíðinni og vísað veginn langt fram í tímum. Það þarf mikið hugrekki að koma fram með stórar hugmyndir því sá sem stígar fram með nýjar hugmyndir verður iðulega að þola margt. Trausti segir á áhugaverðan hátt frá þessari sögu og hvernig hún tvinnast við íslenskt samfélag og tíðaranda.

Trausti hefur undanfarin ár lagt vinnu í að þróa og birta í vísindagreinum fræðilegan grunn til að auðvelda okkur að hugsa um stórar hugmyndir yfir langt tímabil inn í framtíðina. Bókin er því ekki aðeins fróðleikur um söguna heldur einnig leiðarvísir fram á við, sem sýnir okkur mikilvægi þess að hugsa langt fram í tímum og taka tillit til áhrifa af starfsemi mannverunnar á jörðina sem heild.

Harpa Þórsdóttir, forstöðum. Hönnunars.Íslands:

Bók Trausta Valssonar er afar gefandi og einkennist af hispursleysi. Virðing Trausta fyrir því liðna felur í sér endurskoðun á módernismanum sem hann segir að hafi haft vond áhrif á samfélög og verið andsnúinn mannlegum þáttum.

Trausti hefur í störfum sínum í hönnun, byggingarlist og í skipulagsmálum tileinkað sér aðferðafræði vísindamanna sem opna leiðir að því að vindu ofan af mistökum. Lýst er hversu mikil áhrif raunvísindamenn og stærðfræðingar hafa haft á hönnun og skipulag. Knúinn áfram af hugsjón og þeim eiginleika að búa yfir frjórri skapandi listrænni hugsun, er hann uppreisnarseggur sem hefur unun af að ráðast á viðteknar hugmyndir. Trausti er höfundur róttækra hugmynda, t.d. um flugvöll á Lönguskerjum og um Íslandsskipulag út frá nýjum viðmiðum.

Hægt er að grípa niður í bókinni til að öðlast yfirsýn, eins og í handbók. Frásagnir Trausta og myndir á DVD-diski sem fylgir bókinni eru mjög upplýsandi. Trausti lýsir á mynddisknum hvernig myndlist er grunnur að allri hönnun og skipulagi, og leggur áherslu á að hönnuðir verði ætið að stunda myndlist. Birtir hann ýmsar myndir sínar og skulptúra frá öllum tíum. Trausti hefur hannað „stórt og smátt“: Húsgögn, leikvelli, hús og skipulagskoncept.

Pað er athyglisvert að sjá og skynja hvernig einstök verk og verkefni Trausta njóta hinnar frjóu og skapandi hugsunar sem myndlistin elur hverjum þeim sem hana stundar. Sérstaklega líkaði mér að sjá hvernig Trausti skapar kerfi og ferilshugsun við hina fjöhlíða hönnun sína, til dæmis við verðlaunatillöguna um barnaleikvelli og við hönnun á húsgögnum. Þar kemur hann böndum á frjóa skapandi hugsun og byggir ofan á með rökrænni aðferð, sem er undirstaða framúrskarandi hönnunar.

Sigurður Örlygsson, listmálarí:

Við Trausti erum jafnaldrar, og sameiginlegur áhugi okkar á myndlist og gömlum húsum í Reykjavík, skapaði vináttu sem haldist hefur í meira en hálfa öld.

Í menntaskóla hélt Listafélagið kvöldnámskeið undir stjórn Sverris Haraldssonar, sem var undrabarnið í íslenskri myndlist. Þarna var Sverrir búinn að afneita afstraktinu og farinn að mála landslag eins og 12. september. Að vera í samneyti við þennan frjóa byltingarmann, gerði tímana að lifandi deiglu sem við bíum enn að.

Um vorið héldum við sýningu í kjallara Casa Nova, þar sem voru aðallega myndir af fólk. Nokkrar mynda Trausta eru á bls. 24. Þarna kemur næmni Trausta á persónuleika, og gríðarlegt myndlistartalent, í ljós. Trausti valdi þó ekki myndlistina heldur skyldar greinar; arkitektúr og skipulag, þar sem hinir listrænu hæfileikar hans hafa nýst.

Alltaf þegar við hitumst – jafnvel eftir mörg ár – finnum við strax þráðinn, eins og hafi verið í gær. Umræðurnar hafa oft snúist um þemu í sjónrænum listum: liti, form og hugmyndir. Þessir fundir hafa hjálpað okkur báðum, því greiningartækni okkar er lík. Þetta virðist vera lykillinn að mjög frjósamri og gefandi vináttu í gegnum tíðina.

Pétur H. Ármannsson, arkitekt;

Framtíðarhugsuður horfir um öxl: –

Í þessari bók horfir helsti framtíðarhugsuður þjóðarinnar, Trausti Valsson, í gagnstæða átt. Í líflegri frásögn fjallar hann um uppvaxtarár sín í Reykjavík eftirstriðsárranna, arkitektanám í Berlín á umbrotaárum 68 kynslóðarinnar, störf að móturn Reykjavíkur framtíðarinnar á 8. áratugnum og doktorsnám í skipulagsfræðum við hinn virta Berkeley-háskóla í Kaliforníu.

Bókin varpar ljósi á upplifun ungs íslensks námsmanns af helstu hugmyndastraumum í arkitektúr og borgarskipulagi á seinni hluta 20. aldar og viðleitni hans að námi loknu til að móta íslenskt samfélag til framtíðar með nýrri hugsun og þverfaglegri sýn.

Starfs- og mótnarsaga Trausta er mikilvæg söguleg heimild um atburði og viðhorf úr nýliðinni fortið – skyldulesning fyrir námsmenn og alla sem áhuga hafa á hugmyndasögu skipulags og móturn manngerðs umhverfis.

Goddur – Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands

Þessi bók er mikilvæg og kemur á margan hátt úr óvæntri átt. Hún er mikilvæg vegna þess að hún segir vel frá starfi þeirra sem fasti viðafdrifaríkar aðgerðir, manngert landslag, stóru svíðsmyndargerðina – skipulagsfræðina. Hún er verðmæt vegna þess að hún er einlæg, afhjúpandi og opinská um átökin á milli skammtímahagsmuna í þessu taflí og þeirra sem hafa sýn, innsæi og vita meir um langtíma afleiðingar þess sem gert er.

